

Menntaskólinn á Akureyri óskar eftir að ráða fjármálastjóra til starfa. Leitað er að einstaklingi sem vill takast á við krefjandi starf í metnaðarfullum skóla. Óskað er eftir að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfssvið:

- Fjármálastjórn
- Áætlanagerð og fjárhagsleg skýrslugerð
- Bókhald, launabókhald, afstemmingar og uppgjör
- Ábyrgð á innheimtu og greiðslum
- Eftirfylgni verkefna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af bókhaldsstörfum mjög æskileg
- Góð þekking á reikningshaldi og áætlanagerð
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta bæði í ræðu og riti
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

MA er framsækinn menntaskóli með langa sögu og býr nemendum undir nám í háskóla og líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi í sífelldri þróun. Skólinn starfar undir kjörorðunum virðing- viðsýni- árangur. Í MA er öflugt þróunarstarf og góður starfsandi.

Umsóknarfrestur er til og með 11. mars nk. Skriflegar umsóknir ásamt prófskírteinum og upplýsingum um nám og fyrri störf skulu berast í tölvupósti á netfangið jmh@ma.is
Frekari upplýsingar veitir Jón Már Héðinsson skólameistari í síma skólans 4551555 eða í tölvupósti, netfang jmh@ma.is

Menntaskólanum á Akureyri

Jón Már Héðinsson

skólameistari MA